

Nd.

635. Frumvarp til laga

[128. mál]

um búfjórhold í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjórhold í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjórholds.

Með búfjórholdi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjórhold svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjórhold sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hvernig tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Algert bann við tilteknu búfjórholdi skal tilkynnt búfjóræigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjórhold vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjórhold óheimilt án slíks leyfis. Skytt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjórins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjórholds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjórholdi, þannig að bótum varði, og skal þá greiða bætur úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjórholds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.